



Garðabær 11.okt2018

Berist til: Gunnars Einarssonar og Guðjóns Erlings Friðrikssonar

Erindi: Vökvunarkerfi á Samsungvöll

Í framkvæmdum við skiptingu á gervigrasi á Samsungvelli síðastliðið vor stóð til að setja upp vökvunarkerfi meðfram vellið einnig. Ekki tókst að koma því í framkvæmd vegna stutt tímaramma sem gafst í verkið en áætlað var fjármagn í þann hluta af framkvæmdinni.

Stjarnan hefur núna kynnt sér vel þessi mál bæði hjá Valsmönnum og á nýjum Fylkisvelli og er ljóst að það kerfi sem er nýtt á Fylkisvelli gæti vel gengið á Samsungvellinum okkar hér í Garðabæ, einnig með tilliti til vatnsmagns ofl. þátta. Við óskum því eftir að þeirri framkvæmd sé haldið áfram sem til stóð og fjármagn til þess úthlutað í nýrri fjárhagsáætlun. En áætlað er að kerfi sambærilegt og á Fylkisvelli kosti í kringum 10 milljónir.

Með von um góðar undirtektir

Fyrir hönd UMF Stjörnunnar

Ása Inga Þorsteinsdóttir

Framkvæmdastjóri UMF Stjarnan